



**Kveðja
frá
forseta Íslands
Ólafi Ragnari Grímssyni**

Þegar blandaður kór frá stórbrotnu og rómuðu héraði vestur á Stöndum á Íslandi heimsækir frændfólk og vini í Kanada fylgja honum góðar kveðjur til allra sem eiga ættir að rekja til eyjarinnar í Atlantshafi.

Heimsóknin mun veita tónlistargestum innsýn í blómstrandi listalíf gamla landsins og sýna að íslenska þjóðin kappkostar að styrkja fjölskylduböndin sem sameina okkur.

Ég er sannfærður um að þið munið njóta framúrskarandi flutnings kórsins og vona að söngurinn hvetji ykkur til að heimsækja Ísland, upplifa sjálf menningu sem frændfólk ykkar er sífellt að endurnýja.

Þið skuluð einnig íhuga arfleifðina sem kórinn hefur varðveitt – arfleifð sem honum er blásin í brjóst með aldagömlum hefðum og síðum sem hafa borið hróður Strandamanna víða.

Seiðkarlar og hraustir bændur, vinnuþjarkar og sókndjarfar konur voru á öldum áður íbúar á Stöndum. Nú hefur þar verið opnað safn sem tileinkað er göldrum og forneskju. Þar má kynnast töfrum og álögum sem galdramenn beittu til að tryggja ástir konu, uppræta óvin, bjarga sauðum undan fönn eða verða ríkur á einni nóttu.

Kórfélagarnir sem heimsækja ykkur eru að vísu saklausir í samanburði við forfeðurna sem voru á meðal máttugustu galdramanna sem Ísland hefur eignast.

Eigi að síður, kæru vinir og frændur í Kanada, vona ég að söngur kórsins veiti ykkur innsýn í arfleifðina og þið skynjið þróttinn og þekkinguna sem búa í list galdramanna og einnig í tónlistinni sem kórinn flytur.